

Fimmtudagurinn 2. desember 1999 kl. 12:00

134. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/1999

Kvörtun Góðs fólks yfir auglýsingu Happdrættis DAS
„Fleiri útdrættir – meiri líkur!“

I.

Erindið

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. maí 1999, kvartar auglýsingastofan Gott fólk yfir auglýsingum Happdrættis DAS sem birtust m.a. í Morgunblaðinu, þann 8. og 9. maí 1999, með fyrirsögninni „Fleiri útdrættir – meiri líkur“. Í erindinu segir að fyrirsögnin gefi í skyn að með fjölgun útdráttá séu meiri líkur á að hreppa vinning. Síðan segir:

„Til að standa við fullyrðingu um auknar líkur á vinningi þarf að gera annað af tvennu, boða fjölgun vinninga eða fækkun útgefinna númera í happdrættinu. Þar sem fullyrðing Happdrættis DAS vísar einvörðungu til tíðni útdráttá er hún augljóslega bæði röng og villandi fyrir neytendur.

Líkur á vinningi eru háðar því hve margir vinningar eru dregnir út miðað við útgefinn fjölda númera í happdrættinu. Aukin tíðni útdráttá hefur ekkert með líkur að gera, sem sést best á því að ef sami fjöldi vinninga væri dreginn út í einum útdrætti, eða hið gagnstæða, að sjálfstæður útdráttur væri fyrir hvern vinning, þá myndu líkur á vinningi haldast óbreyttar. Fullyrðingin er því röng og villandi þar sem tíðni útdráttá getur á engan hátt aukið líkur á vinningi. Viðskiptavinir Happdrættis DAS njóta ekki meiri líkinda í samhengi við aukinn fjölda útdráttá.

Mikill fjöldi útdráttá er þjónusta sem Happdrætti DAS býður viðskiptavinum sínum og er hluti af sérstöðu þeirra samanborið við önnur flokkahappdrætti. Það er hins vegar rangt að fullyrða að viðskiptavinir DAS eigi meiri von á vinningi vegna þess. Fullyrðingin er því ósanngjörn gagnvart keppinautum Happdrættis DAS sem draga út vinninga í færri útdráttum þar sem fjöldi

útdráttur hefur ekkert með líkur á vinningi að gera. Ofangreind auglýsing er því augljóst brot á 21. gr. samkeppnislaga og er þess krafist að auglýsingin verði ekki birt aftur nema með viðeigandi breytingum.

Fullyrðingin verður enn meira villandi í því samhengi að þegar borin eru saman flokkahappdrættin á Íslandi kemur í ljós að vinningslíkur hjá Happdrætti DAS eru lægri en hjá Happdrætti Háskóla Íslands og Vöruhappdrætti SÍBS. Að jafnaði hlýtur einn af hverjum 4,7 miðum vinning hjá Happdrætti DAS en hjá Happdrætti Háskóla Íslands og Vöruhappdrætti SÍBS er það um einn miði af hverjum tveimur.“

II.

Málsmeðferð

1.

Alls sendi Gott fólk Samkeppnisstofnun fimm erindi vegna auglýsinga Happdrættis DAS. Erindin voru send happdrættinu til umsagnar með bréfi, dags. 26. maí 1999. Í bréfi, dags. 1. júní 1999, óskar Happdrætti DAS eftir framlengingu á fresti til svara sökum umfangsmikilla erinda Góðs fólks. Jafnframt kemur fram að Happdrætti DAS muni leitast við að sneiða hjá umdeilanlegum atriðum í auglýsingum þar til samkeppnisyfirvöld hafi fjallað um málið.

Samkeppnisstofnun veitti happdrættinu umbeðinn frest til svara. Jafnframt var þess farið á leit að þau atriði sem Gott fólk kvartaði yfir í auglýsingum happdrættisins yrðu ekki notuð í auglýsingum á meðan á málsmeðferð stæði.

2.

Með bréfi, dags. 21. júní 1999, frá lögmanni Happdrættis DAS, Óttari Pálssyni hdl., er þess krafist að erindum Góðs fólks verði vísað frá samkeppnisyfirvöldum. Í bréfinu segir m.a.:

„Fyrir liggur að téðar kvartanir eru lagðar fram af hálfu auglýsingastofunnar Góðs fólks...

Í tilefni af þessu tekur umbjóðandi okkar fram að einungis þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geta átt aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum, sbr. 9. gr. reglna nr. 672/1994 um málsmeðferð

samkeppnisyfirvalda og almennar reglur stjórnsýsluréttar. Umbjóðandi okkar byggir á því að sá einn sem hefur einstaklega hagsmuni umfram aðra geti átt aðild að máli fyrir samkeppnisyfirvöldum og jafnframt að þeir hagsmunir verði að vera verulegir. Að mati umbjóðanda okkar hefur auglýsingastofan Gott fólk ekki augljóslega hagsmuni af þeim kvörtunum sem beinast gegn honum og ekki hefur verið leitast við að sýna fram á þá hagsmuni sérstaklega, sbr. þó skýr fyrirmæli 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 672/1994.

Samkvæmt þessu er því fram haldið af hálfu umbjóðanda okkar að kvartanir auglýsingastofunnar sem slíkar verði ekki teknar til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum...

Í ljósi þessa fer sá háttur sem hafður er á rekstri málsins í bága við áðurnefndar málsmeðferðarreglur samkeppnisyfirvalda og almennar stjórnsýslureglur. Málinu ber því að vísa frá samkeppnisyfirvöldum nú þegar.“

3.

Bréf Happprættis DAS var sent Góðu fólki til umsagnar og barst svar þeirra, dags. 5. júlí sl. Þar segir m.a.:

„Auglýsingastofan Gott fólk annast öll auglýsingamál fyrir flokkahappprætti Happprættis Háskóla Íslands. Mikil samkeppni ríkir á íslenskum happprættismarkaði og í starfi sínu fyrir Happprætti Háskóla Íslands er Góðu fólki skylt að fylgja ákvæðum og reglum samkeppnislaga.

Þessar reglur móta starfsskilyrði Góðs fólks þar sem þær marka hvaða leiðir eru heimilar í kynningarstarfi og auglýsingum. Leiki vafi á að keppinautar Happprættis Háskóla Íslands fylgi sömu reglum í sínu auglýsingaefni hefur Gott fólk hagsmuni af því að fá úr því skorið hvað teljist eðlilegir viðskiptahættir og hvaða mörk samkeppnislög setja fyrirtækinu í starfi sínu fyrir viðskiptavinum sína.

Rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum frá keppinautum geta því haft áhrif á árangur Góðs fólks í starfi sínu og skert möguleika Góðs fólks til að gefa neytendum raunsanna mynd af eiginleikum þeirrar vöru sem fyrirtækið hefur umboð til að kynna og auglýsa.

Gott fólk hefur því sannanlega hagsmuna að gæta með að óska eftir áliti Samkeppnisstofnunar á þeim kærnum sem til umræðu eru...

Teljist vafi leika á að Gott fólk hafi lögvarða hagsmuni að gæta skal tekið fram að kærurnar eru settar fram í umboði Happraættis Háskóla Íslands og með þeirra samráði og samþykki. Ef óskað er eftir verður skriflegt umboð þess efnis sent Samkeppnisstofnun.“

4.

Í ljósi þess að fram hafði komið að erindi Góðs fólks voru send í umboði Happraættis Háskóla Íslands taldi Samkeppnisstofnun að skilyrði 7. gr. reglna um málsmeðferð, nr. 672/1994, væru uppfyllt. Stofnunin sendi því málsaðilum bréf, þann 6. júlí 1999, þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að taka málin til meðferðar. Jafnframt var Happraætti DAS veittur frestur til 14. júlí með að koma að athugasemdum og skýringum í málinu.

5.

Svar barst frá Happraætti DAS, dags. 8. júlí 1999. Þar kemur fram að ekki standi til að birta auglýsingarnar aftur. Því telji happraættið að varla sé ástæða til að fjalla efnislega um auglýsingarnar, ekki síst ef hliðsjón sé höfð af kröfu Góðs fólks um að þær verði ekki birtar aftur nema með breytingum. Þá segir að Happraætti DAS telji sig ekki hafa gerst brotlegt við 21. gr. samkeppnislaga. Síðan segir m.a.:

„Ástæða þess að auglýsing umbjóðanda okkar er sett fram með þeim hætti sem raun ber vitni er sú að um langt árabíl, eða fram til ársins 1996, var eingöngu dregið um vinninga í Happraætti DAS einu sinni í mánuði. Nú er hins vegar dregið fjórum sinnum í hverjum mánuði og hefur útgreiddum vinningum happraættisins fjölgað í samræmi við það. Verður umbjóðandi okkar enn var við það að margir telji einasta dregið einu sinni í mánuði og á það jafnvel við um fasta viðskiptavinum happraættisins til margra ára. Þeir einstaklingar sem enn standa í þeirri trú að aðeins sé dregið mánaðarlega í happraætti umbjóðanda okkar fá alranga mynd af vinningslíkum samfara því að taka þátt. Vinningslíkur á eitt númer miðað við 100 vinninga væru 1 á móti 100 (1/100) ef einvörðungu væri dregið einu sinni en þar sem útdrættirnir eru í raun fjórir eru líkurnar miklum mun meiri. Sem einfalt dæmi má nefna að ef 100 vinningar eru í potti og dregið er úr númerum á bilinu 1 til 1000 þá aukast líkurnar á því að vinningur falli á miða nr. 13 (sem og aðra miða) eftir því sem oftar er dregið úr pottinum. Með öðrum orðum eru meiri líkur á því að eigandi miða nr. 13 fái vinning ef fjórum sinnum er dregið en ef aðeins er dregið einu sinni. Með orðalaginu „Fleiri útdrættir – meiri líkur!“ er þannig einfaldlega vísað til þess

að fleiri útdrættir veita meiri vinningslíkur að öðrum forsendum sambærilegum.“

Að lokum kemur fram að Hapdrætti DAS telur að umræddar auglýsingar hafi hvorki verið rangar né villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga.

6.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1999, svarar Gott fólk athugasemdum Hapdrættis DAS. Þar segir m.a.:

„Lögmaður Hapdrættis DAS fer í svari sínu í gegnum röksemdafærslu sem ætlað er að sýna fram á að umrædd fullyrðing „Fleiri útdrættir – meiri líkur“ sé ekki brot á samkeppnislögum. Lögmaðurinn kemst að þeirri niðurstöðu að fullyrðingin vísi til þess að fleiri útdrættir veiti meiri vinningslíkur „að öðrum forsendum sambærilegum“ svo vitnað sé í erindi lögmanns.

Dæmið sem lögmaðurinn tekur er auk þess villandi. Í dæminu er dreginn út fastur fjöldi vinninga í hverjum útdrætti. Sé útdráttum fjölgað, fjölgar vinningum um leið og þar með aukast vinningslíkur. Í dæminu eru vinningarnir 100 í hverju útdrætti. Ef dregið er einu sinni eru þeir því 100, en 1.000 ef dregið er 10 sinnum. Dæmið sýnir því einvörðungu fram á að aukinn fjöldi vinninga auki vinningslíkur „að öðrum forsendum sambærilegum“ (?). Fjöldi útdrátta hefur ekkert með auknar líkur að gera í þessu tilviki meðan fjöldi útgefna númera og fjöldi vinninga er óbreyttur.

Það sem er lykilatriðið hér er að vinningum hefur ekki verið fjölgað hjá Hapdrætti DAS og því stenst ekki fullyrðingin sem sett var fram í umræddri auglýsingu og er hún því bæði röng og villandi.“

7.

Í bréfi, dags. 9. september sl., bærust athugasemdir Hapdrættis DAS við bréfi Góðs fólks. Þar segir:

„Umbjóðandi okkar fær ekki betur séð en að röksemdafærsla kvartanda um þetta erindi sé hrein hártogun. Til samanburðar bendir umbjóðandi okkar á að varla yrði litið svo á að það væri til þess fallið að valda misskilningi að halda því fram að auknar æfingar einstakra íþróttamanna séu almennt til þess fallnar að auka líkur á því að þeir beri sigur úr bytum í keppni við aðra sem leggja stund á íþróttir þótt einnig megi segja að auknar æfingar séu eftir atvikum til

Þess fallnar að skila auknu úthaldi, meiri leikni, fleiri mörkum, skemmri tíma og þar með auknum líkum á sigrum í keppni. Það orðalag sem notast er við getur að mati umbjóðanda okkar engan veginn talist villandi í skilningi laga nr. 8/1993 þar sem ekki virðist ástæða til að ætla að neytendur muni leggja sig verulega fram við það að misskilja orðalagið.“

8.

Í bréfi Góðs fólks, dags. 22. september, eru fyrri rök ítrekuð. Röksemdafærsla Happdrættis DAS er talin langsótt, jafnvel óviðeigandi. Þá er mótmælt orðfæri happdrættisins um að rök Góðs fólks séu „*hrein hártogun*“. Jafnframt segir:

„Nauðsynlegt er að nefna atriði úr fyrra bréfi til að setja málið í samhengi. Happdrætti DAS hefur ekki sýnt fram á að vinningum hafi verið fjölgað á happdrættisárinu. Af því leiðir, að öðrum forsendum óbreyttum, að vinningslíkur aukast ekki á happdrættisárinu, andstætt því sem haldið var fram. Í auglýsingunni var gefið í skyn að fleiri útdráttum fylgdu auknar vinningslíkur. Í tilfelli flokkahappdrættis þegar fjöldi vinninga á happdrættisárinu er fastur og ákveðinn fyrirfram, getur þetta ekki staðist og vinningslíkur eru þar með óháðar fjölda útdráttu. Þetta tölfræðilega samhengi hefur ekki verið véfengt.

Fullyrðingin sem birtist í umræddri auglýsingu er því augljóslega röng og villandi fyrir neytendur. Til að bæta gráu ofan á svart er líkingin sem tekin er fyrir í síðasta bréfi lögmannsins varðandi þetta erindi afar torskiljanleg. Ráðstöfun vinninga í happdrætti ræðst af hendingu en ekki þjálfun. Fjöldi vinninga er fastur og líkurnar á vinningi eru fastar fyrir hvern viðskiptavin frá því að vinningaskrá er ákveðin í upphafi happdrættisárs. Ástundun hefur ekkert með vinningslíkur að gera og sýnir alls ekki fram á tengsl milli aukins fjölda útdráttu við auknar vinningslíkur. Æfingar íþróttamanna geta eflaust skilað árangri í íþróttakeppni, fleiri mörkum, skemmri tíma og fleiri þáttum sem tilgreindir eru af lögmanninum. Þeir hafa þó ekkert að gera með tölfræðilega þætti við rekstur flokkahappdrætta, auk þess sem æfingar af hverju tagi geta ekki aukið líkurnar á að vinna í Happdrætti DAS frekar en öðrum happdrættum, jafnvel þótt viðkomandi leggi sig hart fram við æfingarnar og stundi þær á hverjum degi.“

Í bréfi Happdrættis DAS, dags. 13. október sl., er ekki talin ástæða til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

9.

Með bréfum, dags. 14. október 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Álit auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd fjallaði um mál þetta á fundi sínum, þann 25. nóvember 1999. Fund auglýsinganefndar sátu Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða auglýsinganefndar var eftirfarandi:

„Í Happdrætti DAS er dregið um vinninga fjórum sinnum í mánuði. Önnur flokkahappdrætti, þ.e. Happdrætti Háskóla Íslands og Vöruhappdrætti SÍBS, draga um vinninga einu sinni í mánuði. Auglýsing Happdrættis DAS „Fleiri útdrættir – meiri líkur“ gefur til kynna að fjórir útdrættir í mánuði í stað eins gefi meiri líkur á vinningi.

Í happdrætti er dregið annað hvort úr öllum útgefnum miðum eða aðeins þeim seldu. Vinningslíkur í happdrætti er hlutfall þeirra miða sem fá vinning af heildarmiðunum. Í þeirri gerð happdrættis sem hér er til umfjöllunar er vinningsnúmerum skipt í jafna aðskilda útdrætti og í hverjum útdrætti er dregið úr öllum útgefnum númerum.

Líkur á vinningi í happdrætti þar sem vinningum er skipt t.d. á fjóra útdrætti í mánuði eru örlítið lægri en þar sem sami fjöldi vinninga er dreginn út í einum útdrætti. Mismunurinn skapast af því að þar sem dregið er oftar getur sama númerið komið upp oftar en einu sinni. Þannig skiptast vinningarnir í heild ekki á milli jafn margra vinningsnúmera, heldur gætu númerin verið eitthvað færri. Líkur á að fá vinning í Happdrætti DAS aukast því ekki við fjölgun útdráttá.

Með vísan til framangreinds telur auglýsinganefnd að auglýsing Happdrættis DAS „Fleiri útdrættir – meiri líkur“ sé röng og villandi og brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er hún ósanngjörn gagnvart keppinautum sbr. 21. gr. samkeppnislaga.“

IV. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 2. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Karitas Pálsdóttir, Óðinn Elísson, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

Samkeppnisráð er sammála því áliti auglýsinganefndar að fullyrðingin „*Fleiri útdrættir – meiri líkur*“ sé röng og villandi. Jafnframt er hún ósanngjörn gagnvart keppinautum. Fullyrðingin brýtur því í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem m.a. segir að óheimilt sé að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum og að þær skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Samkeppnisráð telur nauðsynlegt að banna Happdrætti DAS að birta fullyrðinguna sem mál þetta fjallar um.

V. Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, Reykjavík, að fullyrða „*Fleiri útdrættir – meiri líkur*“ þar sem það er rangt og villandi og jafnframt ósanngjarnt gagnvart keppinautum.

Bannið tekur gildi við birtingu.“